

Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga R. Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga R. Óskarsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Jónína Thorarensen
Elisabet Guðmundsdóttir
Úlfhildur Ösp Indriðadóttir
Auður Ýr Sigurðardóttir
Agnes Eyja Gunnarsdóttir

2. fiðla

Hekla Arnardóttir
Drífa Örvarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Helga Andrésdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Brynhildur Höskuldsdóttir

Víóla

Elín Björk Jónasdóttir
Gylfi Guðjohnsen
Þórunn Harðardóttir
Páll Ingvarsson
Súsanna Friðriksdóttir

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Brynja C. Andrésdóttir
Isabel C. Barrio
Sverrir Teitsson
Matylda Hermanska
Bianca Tighe

Bassi

Kjartan Guðnason
Gunnar Hrafnsson
Jón Hörður Jónsson

Flauta

Karen Erla Karólínudóttir
Kristrún Helga Björnsdóttir

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Klarinett

Barclay Anderson
Kristín Þóra Pétursdóttir

Fagott

Sigríður Kristjánsdóttir
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Halldór Bjarki Arnarson
NN
NN

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Ólafur Elliði Halldórsson

Básúnur

Valgeir Geirsson
Brynjar Óskarsson
Hans Orri Straumland

Túba

Finnbogi Óskarsson

Pákur

Svanhildur Lóa Bergsveinsdóttir

Tónleikar

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna

í Seltjarnarneskirkju

sunnudaginn 12. febrúar 2017

kl. 17:00



Næstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna verða sunnudaginn 26. mars 2017 í Seltjarnarneskirkju. Stjórnandi verður Oliver Kentish.

Upplýsingar um starf Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna má finna á vefsíðu hennar:

<http://www.ahugasinfonia.is/>

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning.

Hljómsveitin nýtur stuðnings Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar 2017.



Einleikari á gítar: Óskar Magnússon

Einsöngur: Hildigunnur Rúnarsdóttir

Stjórnandi: Oliver Kentish

Efnisskrá:

Oliver Kentish: Jörðin bíður, við ljóð Sigurðar Pálssonar (frumflutningur)
Einsöngur: Hildigunnur Rúnarsdóttir

Manuel M. Ponce: Concierto del Sur, fyrir gítar og hljómsveit
Einleikari: Óskar Magnússon
Allegretto
Andante
Allegro moderato e festivo

– HLÉ –

Antonín Dvořák: Sinfónía nr. 8 í G-dúr, opus 88
Allegro con brio
Adagio
Allegro grazioso
Allegro ma non troppo

Flytjendur og verk:

Jörðin bíður

Síðasta daginn
bíður rólegt svarthol
eftir þér

Galopið galtóm
bíður eftir ljósinu

Gleypir þig
gleypir ljósið


Síðasta daginn
síðasta daginn

Sigurður Pálsson

Oliver Kentish hefur verið tengdur Sinfóníuhljómsveit áhugamanna allt frá stofnun hennar, bæði sem hljómsveitarstjóri og hljóðfæraleikari. Hann hefur verið aðalstjórnandi og listrænn leiðtogi sveitarinnar síðan 2005. Hann fæddist árið 1954 í London og þar hóf hann sellónám tólf ára gamall. Hann stundaði framhaldsnám við Royal Academy of Music þar sem aðalkennari hans var Vivian Joseph. Árið 1977 fluttist hann til Íslands til þess að leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur hann síðan tekið virkan þátt í tónlistarlífinu hér sem hljóðfæraleikari, kennari, stjórnandi og tónskáld. Opinberir aðilar hafa pantað hjá honum verk og hann hefur þrívægis verið staðartónskáld á Sumartónleikum í Skálholti þar sem verk hans voru frumflutt. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna hefur notið þeirra forréttinda að frumflytja nokkur verka hans.




Hildigunnur Rúnarsdóttir hefur verið liðsmaður Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna lengi og er ekki við eina fjölinu felld. Oftast leikur hún á fiðlu með sveitinni en hún hefur líka verið konsertmeistari, stjórnað henni og samið tónverk fyrir hana. Í dag kemur hún fram sem einsöngvari í verki Olivers Kentish. Hildigunnur hefur sungið með sönghópnum Hljómeyki og fleiri kórum frá blautu barnsbeini og lauk burtfararprófi í söng frá Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Hildigunnur er afkastamikil tónskáld og hafa verk hennar víða verið flutt, hérlandis og erlendis.



Manuel María Ponce Cuéllar (1882 – 1948) ólst upp í borginni Aguascalientes í Mexíkó. Hann var undrabarn í tónlist og var ungur settur til náms, lærði píanóleik og tónfræði. Eftir framhaldsnám á Ítalíu og í Þýskalandi sneri hann aftur til Mexíkó og átti þar litríkan feril sem tónskáld, fræðimaður og kennari. Í tónlist sinni fléttaði hann gjarnan saman vinsæla alþýðutónlist og hefðbundin tónlistarform. Margir þekka lagið Estrellita eftir hann, sem til er í ótal útsetningum og hefur verið flutt víða um heim. Gítarkonsertinn Concierto del sur er eitt af mörgum verkum sem Manuel Ponce samdi fyrir vin sinn, gítarsnillinginn Andrés Segovia, sem heimsótti Mexíkóborg oft og hélt þar tónleika. Ponce lauk við suðræna gítarkonsertinn 1941.



Óskar Magnússon hefur síðastliðin þrjú ár lagt stund á nám í klassískum gítarleik við Listaháskóla Íslands undir leiðögn Svans Vilbergssonar og mun útskrifast þaðan í vor. Hann kennir á gítar við Nýja tónlistarskólann og hefur samhlíða námi og kennslu sótt bæði keppnir og námskeið í Evrópu. Að námi loknu er stefnan sett á meistaranám erlendis.



Antonín Dvořák (1841-1904) ólst upp í sveitaþorpi 30 km norðan við Prag í Tékklandi og var þjóðlagahefðin honum í blóð borin og setti mark sitt á verk hans alla tíð. Hann var sonur slátrara og aðstoðarmaður föður síns. En auk þess lagði hann stund á tónlist, lék á orgel, fiðlu og víólu. Nítján ára gamall lék hann í leikhúshljómsveit Bæheims undir stjórn Smetana. Kennsla og tónsmíðar urðu helstu viðfangsefni hans og þar varð frami hans skjótur. Hann hlaut heiðursdoktorsnafnbót við Háskólana í Prag og Cambridge. Honum var boðið til Bandaríkjana 1892 þar sem hann dvaldi í þrjú ár og stýrði National Conservatory in New York. Heimþráin togaði hann heim til Prag og þar tók hann við stjórn Tónlistarháskólans 1901. Merkustu verk hans má vafalaust telja sinfóniurnar nr. 8 og 9, og eru þær ásamt sellókonsertinum þau verk sem oftast eru flutt.

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna hefur flutt 8. sinfóníuna þrisvar áður, fyrst í Fella- og Hólakirkju í mars 1995, þá í Seltjarnarneskirkju í apríl 2003, og síðan á tónleikum í Philharmonie í Berlín ásamt Orchester Berlin Musikfreunde í september 2008.